

Reykjavík 25. ágúst 2009.

Ágæti forráðamaður.

Þann 17. og 18. september næstkomandi verða samræmd könnunarpróf lögð fyrir í 4. og 7. bekk grunnskóla. Prófin verða haldin fyrr en undanfarin ár, prófað verður í íslensku þann 17. og stærðfræði þann 18. september.

Markmið með fyrirlögn prófanna eru aðallega tvíþætt. Í fyrsta lagi að gefa upplýsingar um að hvaða marki nemendur hafa náð grundvallarkunnáttu og færni sem frekara nám byggir á. Í öðru lagi að vera foreldrum, kennurum og skólayfirvöldum til leiðbeiningar um námsstöðu nemenda. Með því að leggja samræmd könnunarpróf fyrir að hausti, gefast tækifæri til að nýta niðurstöður þeirra við skipulag náms og kennslu.

Prófin hefjast klukkan 9:00, og þurfa nemendur að mæta á þeim tíma sem skólinn ákveður. Athygli er vakin á því að próftími er hafður rúmur. Talsverður munur er á þroska og getu barna á þessum aldri sem reynt er að mæta með rúmum próftíma. Eldri próf eru aðgengileg á vefsvæði Námsmatsstofnunar http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/samramd.html.

Efni samræmdra könnunarprófa miðast við aðalnámskrá grunnskóla, einkum námsmarkmið sem ætluð eru 2. og 3. bekk. Aðalnámskráin dregur fram meginlínur í námi en skólar hafa sveigjanleika í útfærslu á henni og einnig er námshraði einstakra nemenda breytilegur. Samræmd könnunarpróf taka mið af þessu og er efni þeirra því mjög fjölbreytt.

Nokkrar ólíkar tegundir einkunnna verða notaðar á samræmdum könnunarprófum. Nemendur fá eina heildareinkunn fyrir hvort próf og jafnframt eina einkunn fyrir hvern námsþátt í prófi. Nemendur fá samræmdar einkunnir sem eru hefðbundnar einkunnir, raðeinkunn sem sýnir stöðu nemenda miðað við allan árganginn, markbundna einkunn sem tengd er við markmið aðalnámskrár og dæmigerð prófverkefni sem nemendur hafa vald á og að síðustu eru notaðar normaldreifðar einkunnir við ýmsa útreikninga og skýrslugerð.

Mikilvægt er að nemendur séu vel upplagðir, hafi fengið góðan nætursvefn og borðað morgunmat. Einhver röskun getur orðið á skólastarfi prófdagana. Forráðamenn barna eru vinsamlega beðnir um að sýna því skilning.

Einkunnir nemenda verða sendar til skóla um miðjan október og í framhaldi af því eiga forráðamenn að fá einkunnir barna sinna sendar heim frá skólunum. Ekki er ástæða fyrir foreldra að undirbúa börnin sérstaklega fyrir prófin enda eru þau hluti af hefðbundnu skólastarfi og ætlað er að meta námsstöðu nemenda.

Síðasta haust var tekin lesskimun í samræmdu könnunarprófi í íslensku fyrir 4. bekk. Skimað er fyrir lestrarvanda með verkefnum sem reyna á hljóðvitund, málskilning og minni. Er fyrirlögn þessa hluta stýrt með upplestri af geisladisk. Ekki er gefin einkunn fyrir lesskimunina, heldur einungis umsögn sem kemur fram á einkunnablaði.

Fyrir hönd Námsmatsstofnunar



Sigurgrímur Skúlason